

**Ávarp Jóns Atla Benediktssonar, rektors Háskóla Íslands, á
ársfundi Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands 2025.
Haldinn á Skagaströnd, 13. mars kl. 13 til 16.10.**

Sveitarstjórar, rektor Háskólans á Hólum, ágætu gestir og samstarfsfólk á rannsóknasetrum Háskóla Íslands.

Það er sérstaklega ánægjulegt að vera með ykkur hér á ársfundi Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands sem haldinn er í fyrsta sinn á Norðurlandi vestra.

Óhætt er að segja að starfsemi rannsóknasetranna hafi eflst og sannað gildi sitt við eflingu rannsókna, háskóla- og atvinnustarfsemi víða um land og aukið tengsl skólans við sveitarfélög, stofnanir, fyrirtæki, félagasamtök og einstaklinga á umliðnum tveimur áratugum. Nú svo komið að Háskóli Íslands starfrækir 12 rannsóknasetur á 13 stöðum um landið. Það nýjasta er Rannsóknasetur HÍ í Vestmanneyjum og var Filipa Samarra vistfræðingur ráðin í starf forstöðumanns setursins. Setrið byggir á grunni rannsókna á hvöllum sem unnar hafa verið á vegum Stofnunar rannsóknasetra HÍ undanfarin ár við Vestmanneyjar. Þá hefur Bjarni Gautason jarðfræðingur nýverið komið til starfa sem forstöðumaður við Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Breiðdalsvík.

Viðfangsefni rannsóknasetranna eru afar fjölbreytt. Á síðasta ári voru starfsmennirnir 54 talsins í 36 stöðugildum sem er svipaður fjöldi og árið áður. 22 voru í akademískum stöðum, þar af 5 nýdóktar. Fjöldi meistara- og doktorsnema vinnur rannsóknaverkefni sín við setrin, nánar tiltekið 9 doktorsnemar á styrk um þessar mundir. Ánægjulegt er einnig að sjá að námskeiðum háskólans sem kennd eru við eða með aðkomu starfsfólk setranna heldur áfram að fjölga.

Háskóli Íslands leggur ríka áherslu á að þjóna landinu öllu – og að vera þannig í reynd háskóli allra landsmanna. Þessi ásetningur kemur skýrt fram í núverandi stefnu Háskóla Íslands, HÍ26 undir yfirskriftinni *Betri háskóli – betra samfélag*. Þar er m.a. lögð rík áhersla á að skapa umhverfi í krafti öflugs samstarfs þar sem

grunnrannsóknir og hagnýting þeirra leggja af mörkum til nýsköpunar. Víða sjáum við merki þess í samstarfi rannsóknasetranna um landið.

Góðir gestir,

Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Norðurlandi vestra var sett á fót 2009 og tók Vilhelm Vilhelmsson sagnfræðingur við starfi forstöðumanns 2018. Starfsemin hefur farið vaxandi og nú er setrið bæði með starfsstöð hér á Skagaströnd og á Hvammstanga. Vinnu við verkefnið „Gagnagrunnur sáttanefndabóka 1798-1936“ lauk með formlegri opnunarathöfn hér í þessum sal sl. sumar. Var verkefnið unnið í samstarfi við Þjóðskjalasafn Íslands og Héraðsskjalasafn Skagfirðinga. Með gagnagrunninum er búið að gera fræðafólki og öðrum þeim sem kunna að hafa áhuga á efninu mögulegt að nýta sér þessar merkilegu heimildir til ýmissa rannsókna. En Vilhelm mun betur gera grein fyrir verkefninu og öðrum rannsóknum sínum hér á eftir.

Sveitarfélagið Skagaströnd hefur ávallt stutt setrið og er milli þess og sveitarfélagsins í gildi samstarfssamningur sem er okkur afar mikilvægur. Það er afar ánægjulegt að í vetur hefur rannsóknasetrið gert sambærilegan samstarfssamning við sveitarfélögin Húnaþing vestra og Húnabyggð og vil ég nota tækifærið og þakka sveitarstjórnnum og sveitarstjórum allra þessara sveitarfélaga fyrir þeirra stuðning og afar gott samstarf.

Fjármögnun gegnir veigamiklu hlutverki við eflingu rannsókna og nýsköpunar hjá rannsóknasetrum Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands. Velta Stofnunar rannsóknasetra HÍ nam tæpum 600 m.kr. á árinu og voru sértekjur 60% tekna stofnunarinnar sem verður að teljast töluverður árangur. Mikilvægt er að treysta enn rekstur rannsóknasetranna til að gera þeim kleift að ná að fjölga fastráðnu fólki, efla innviði og þar með styrkja enn frekar starfsemi setranna.

Ég vil þakka starfsfólki rannsóknasetra Háskóla Íslands og ráðgefandi nefnd stofnunarinnar fyrir frábært starf á umliðnu ári. Gestgjöfunum, Vilhelmi

Vilhelmssyni, forstöðumanni Rannsóknaseturs HÍ á Norðurlandi vestra, og samstarfsfólki, vil ég þakka hlýjar móttökur. Þá vil ég þakka Birnu Gunnarsdóttur, verkefnisstjóra við Stofnun rannsóknasetra Háskóla Íslands fyrir undirbúning fundarins.

Góðir ársfundargestir,

Þegar lagt var af stað með stofnun fyrsta rannsóknaseturs Háskóla Íslands fyrir rúmum tuttugu árum er ég ekki viss um að menn hafi séð fyrir sér að starfsemin yrði jafn öflug og raun ber vitni í dag. Þróun rannsóknasetranna sýnir hvað hægt er að gera með því að hafa metnaðarfull markmið til langs tíma, öflugt fólk, rík tengsl og stuðning samfélagsins nær og fjær. Nú eru Háskóli Íslands og Háskólinn á Hólum að vinna að háskólasamstæðu sem hefur það að markmiði bæta samkeppnishæfni háskólanna ásamt því að auka gæði náms, rannsókna, stoðþjónustu og auka tengsl við atvinnulíf og samfélag um land allt. Háskólasamstæðunni er jafnframt ætlað að styrkja HÍ sem leiðandi háskóla í íslensku samfélagi og Háskólann á Hólum sem sérhæfðan háskóla á landsbyggðinni. Áhersla er lögð á að samstæðan verði eftirsóknarverð fyrir fleiri háskóla og rannsóknastofnanir. Við myndum samstæðunnar er gert ráð fyrir að höfuðstöðvar Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands verði fluttar til Hóla í því skyni að efla enn starfsemi háskólasamstæðunnar um land allt. Við berum miklar væntingar til þess að það muni enn efla starfsemi rannsóknasetranna.

Góðir gestir. Ég ætla ekki að lengja mál mitt frekar enda eigum við spennandi dagskrá í vændum hér í dag. Takk fyrir.